



Sterkur vinnumarkaður hér á landi eins og víða á Vesturlöndum

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í mars 4,9% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði. Alls voru 9.608 á atvinnuleysissskrá í lok mars, 5.416 karlar og 4.192 konur.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6% og hefur því minnkað um 6,7 prósentustig.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni verða eilítið minna í aprílmánuði, í kringum 4,5%. Síðustu mánuði hefur atvinnuleysi verið svipað og í upphafi ársins 2020, áður en faraldurinn skall á.

Lítill breyting nær alls staðar á landinu

Atvinnuleysi minnkaði mest um 0,6 prósentustig milli mánaða á Vesturlandi og á Suðurnesjum. Atvinnuleysi er áfram langmest á Suðurnesjum. Það hefur nú verið undir 10% á Suðurnesjum í átta mánuði, en fór hæst í 24,5% í mars 2021. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum fór í fyrsta skipti niður fyrir 10% í febrúar en hæst fór það í 28,5% í mars 2021.



Atvinnuleysi meira meðal karla

Atvinnuleysi karla og kvenna minnkaði jafn mikið, um 0,3 prósentustig milli febrúar og mars. Atvinnuleysi karla í mars var 5,0% og 4,7% meðal kvenna. Atvinnuleysi meðal kvenna var meira en karla fram eftir árinu 2021, en í nóvember varð það meira hjá körlum og hefur munurinn aukist lítillega síðan.

Munurinn á atvinnuleysi karla og kvenna er mestur á Suðurnesjum, en þar er atvinnuleysið 1,2 prósentustigum hærra meðal karla. Á Norðurlandi vestra er atvinnuleysi karla 1,1 prósentustigum meira en kvenna.

Fjöldi auglýstra starfa nokkuð stöðugur

Fjöldi nýrra auglýstra starfa hjá Vinnuálastofnun jókst nokkuð í mars eftir að hafa verið nokkuð





stöðugur síðustu mánuði, á bilinu 4-500. Staðan í mars er því álíka og í september í fyrra þegar átaki í atvinnumálum var að ljúka, en töluvert meira en var í upphafi ársins 2021.

Enn sem komið er flokkast stór hluti þessara starfa sem átaks- og reynsluverkefni. Þannig hafa um þrír fjórðu hlutar nýrra auglýstra starfa verið átaks- og reynsluverkefni fyrstu tvo mánuði ársins 2022. Hæst fór þetta hlutfall í næstum 100% í apríl og maí 2021, en hefur farið lækkandi, reyndar með nokkrum sveiflum.


Sterkur vinnumarkaður hér eins og víða annars staðar

Atvinnuleysi hefur nú verið svipað í sex mánuði og lítið eitt meira en var í upphafi ársins 2020, áður en faraldurinn skall á. Góður árangur í baráttunni við atvinnuleysið hefur ekki hvað síst náðst með mikilli notkun ráðningarstyrkja. Ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja hafa haldið nokkuð vel eins og reynsla fyrri ára hefur sýnt.

Baráttan gegn atvinnuleysinu hefur því gengið vel hér eins og víða á Vesturlöndum. Reynslan segir að uppgangur atvinnulífs sem orsakast af kreppum vegna stríðsátaka, náttúruhamfara og faraldra er jafnan mun hraðari en t.d. í fjármálakreppum. Seinni heimstyrjöldin er dæmi um þetta, en í eftir hana var uppgangurinn tiltölulega hraður.


Þá hafa opinber inngríp líka skipt miklu máli, t.d. hlutabótakerfið sem var víða notað. Það hefur þýtt að fólk hefur haldið ráðningarsambandi og þannig í raun verið í vinnu þrátt fyrir að vera heima. Þetta starfsfólk hefur því getað komið hratt til starfa aftur og tími til atvinnuleitar þannig sparast. Þensla á vinnumarkaði hefur því verið tiltölulega mikil á síðustu mánuðum og víða verið skortur á umsækjendum um þau störf sem eru auglýst.

Atvinnuleysi karla og kvenna í mars 2022



Heimild: Vinnumálastofnun

Auglýst ný störf í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun



Heimild: Vinnumálastofnun

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.